

STARFSSKÝRSLA 2011

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR

TIL UMHVERFISRÁÐHERRA

Júní 2012



Í Melrakkaey á Grundarfirði

Mynd: Pálmí Freyr Sigurgeirsson



BREIÐAFJARÐARNEFND

Forsíðumynd:

Melrakkaey í mynni Grundarfjarðar heyrir undir Setbergskirkju í Eyrarsveit. Eyjan er 7,3 ha. og var friðlýst árið 1974 vegna fjölbreytts fuglalífs. Horft til Kirkjufells og Grundarfjarðarbæjar.

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín.

Vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt með 210. gr. laga nr. 126/2011 á þann veg að í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. gr., tvívegis í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra, og í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni menningarminja.

Vegna fullgildingar Árósasamningsins var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt með 22. gr. laga nr. 131/2011 þannig að við 6. gr. laganna bættist ný málsgrein, svohljóðandi: Ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur og varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis samkvæmt þessari grein sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Með nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, 134. gr., var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt þannig: Í stað orðanna „Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfisráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Núverandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 17. júlí 2008.

Fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd árið 2011:

- Kolbrún Reynisdóttir formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Úlfar B. Thoroddsen framkvæmdastjóri.
- Eiríkur Snæbjörnsson bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes G. Gíslason bóndi.
- Sigurður Þórólfsdóttir bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Halla S. Steinólfssdóttir bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson byggingameistari, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason kennari.
- Þorleifur Eiríksson forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Trausti Baldursson líffræðingur.
- Magnús A. Sigurðsson minjavörður, tilnefndur af Fornleifarvernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur.

Ritari Breiðafjarðarnefndar er Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Á fundi nefndarinnar í desember 2011 tilkynnti Kolbrún Reynisdóttir formaður að hún muni láta af störfum í lok árs. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður mun því taka við formennsku á nýju ári.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt sjö nefndarfundi auk vettvangsferðar á árinu 2011 og voru sex þeirra haldnir í Stykkishólmi og einn fundur haldinn í Ólafsvík.

123. fundur og jafnframt síðasti fundur ársins var haldinn 7. desember. Á fundinum kvaddi Kolbrún formaður fundarmenn og þakkaði fyrir ánægjulegan tíma með nefndinni. Nefndarmenn þökkuðu Kolbrúnu fyrir gott samstarf og óskuðu henni velfarnaðar í framtíðinni.

Auk hefðbundinna nefndarfunda funduðu þær Kolbrún Reynisdóttir, formaður og Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður með Svandísí Svavarssdóttur umhverfisráðherra, og afhentu henni starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2010. Fundurinn var haldinn í umhverfisráðuneytinu þann 20. júní 2011.

Hluti Breiðafjarðarnefndar; Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir auk Trausta Baldurssonar varamanns hittist þrisvar á árinu á fundum vegna vinnu við verndaráætlun fyrir Breiðafjörð. Magnús A. Sigurðsson mætti á einn fund.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í [Viðauka I.](#)


Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar skv. fjárlögum fyrir árið 2011 námu 7,2 millj. kr., sem var lækkun á fjárlögum milli ára annað árið í röð. Árið 2010 hafði nefndin 7,9 millj. kr. á fjárlögum.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2011

Fjárheimild ársins 2011	7.200.000	
Samstarfssamningar:		
Samningur við Náttúrustofu Vestfjarða vegna örnefnaskráninga		1.500.000
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2010		1.175.232
Akstur, flug, bílaleigubílar og dagpenningar		1.208.196
Annar kostnaður vegna funda		92.181
Útgáfa		
Prentun á Breiðafjarðarbæklingum		429.210
Kostnaður við gerð Breiðafjarðarskiltis		
Hönnun, framleiðsla og uppsetning		292.840
Opinber gjöld		54.361
Kostnaður vegna vettvangsferðar:		
Bátar, veitingar, leiðsögn og akstur		494.850
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		1.905.407
Tölvu- og kerfisfræðibjónusta (vistun heimasíðu)		25.664
Vextir, bætur, skattar		6.832
Annar kostnaður:		
Afmælisrit Jónínu Hafsteinsdóttur		4.200
<i>Alls</i>	7.200.000	7.188.973
<i>Rekstrarafgangur</i>		11.027
	7.200.000	7.200.000

Á árunum 2003 til 2009 hækkaði fjárheimild Breiðafjarðarnefndar örlítið frá ári til árs en lækkaði síðan 2010. Árið 2003 nam heimildin 6,7 millj. kr., árið 2004 6,9 millj. kr., árið 2005 7 millj. kr., árið 2006 7,4 millj. kr., árið 2007 7,8 millj. kr., árið 2008 8,1 milj. kr. og árið 2009 var hún 8,4 milj. kr. Fjárheimild nefndarinnar árið 2010 lækkaði hins vegar og var 7,9 milj. kr. og árið 2011 var hún 7,2 milj. kr. Ef fjárheimildir nefndarinnar hefðu fylgt launavísitölu frá 2003 hefði fjárheimild ársins 2011 verið 11,2 milljónir kr.



Starfsemi á árinu 2011

Í starfsemi Breiðafjarðarnefnda á árinu 2011 voru mörg innsend erindi vegna skipulagsmála eins og t.d. vegna aðalskipulags Vesturbyggðar, aðalskipulags Reykhólahrepps ásamt skipulagsverkefnum í Flatey svo sem við Tröllenda og vegna stígagerðar. Nefndin fjallaði einnig um vegagerð við fjörðinn norðanverðan, en nefndinni barst m.a. frumvarp til laga um Vestfjarðarveg nr. 60. Þá voru til umfjöllunar mál er varða skráningu örnefna en nefndin hefur samið við Náttúrustofu Vestfjarða um framkvæmd skráningar og kortlagningu örnefna.

Verndaráætlun

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar.

Nefndin hélt áfram með vinnu við endurskoðun verndaráætlunar á árinu. Vinna við verndaráætlun heldur áfram á árinu 2012.

Helstu verkefni


Á árinu 2011 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um erindi sem nefndinni bárust. Vinna við gerð og uppsetningu fræðsluskilta við ferjuhafnir á Breiðafirði var þar fyrirferðarmest. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I.](#). Nokkrar afgreiðslur eru talðar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II.](#).

- Fræðslukilti við ferjuhafnir á Breiðafirði
- Örnefnaskráning í Dalabyggð

Fræðsluskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði

Á árinu 2011 var fræðsluskilti sett upp við ferjuhöfnina í Stykkishólmi. Sams konar fræðsluskilti voru sett upp við ferjuhafnir í Flatey og Brjánslæk á árinu 2010. Á skiltunum er kort af Breiðafirði sem sýnir mörk verndarsvæðisins ásamt upplýsingum um náttúrufar, sögu og

menningu svæðisins. Fyrirtækið Teikn á lofti sá um hönnun og útlit skiltisins en kortagerð annaðist Sigurgeir Skúlason.



Mynd: Fræðsluskilti Breiðafarðarnefndar

Örnenfa- og fornleifaskráning

Í desember 2009 hófst samstarf Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vestfjarða um um skráningu örnenfa í Dalabyggð og upplýsti forstöðumaður stofunnar nefndina um framgang verkefnisins reglulega. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að haldið verði áfram vinnu við skráningu örnenfa og var samningurinn við Náttúrustofu Vestfjarða endurnýjaður í árslok 2010 og aftur 2011. Á næsta ári er að vænta skýrslu um skráningu örnenfa og kortlagningu þeirra.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Prentað var annað upplag af bæklingunum „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Breiðafjörður - Náttúra og saga“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift af ferðaþjónustuaðilum við Breiðafjörð.

Breiðafjarðarnefnd hefur haft áform um frekari útgáfu bæklinga, m.a. um hlunnindanýtingu.

Vettvangsferð um Suðureyjar vestan Stykkishólms, 7. Júlí 2011

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð frá Stykkishólmshöfn kl. 09.00. Farið var með Brimrúnu frá Sæferðum. Þegar komið var út úr höfninni var farið vestur með landinu og inn Ögursvog og síðan áfram vestur með Jónsnesi og að Kumbaravogi við Bjarnarhöfn. Eftir að hafa skoðað það svæði frá sjó var haldið áfram vestur að Akureyjum þar sem ábúendur ferjuðu hópinn í land. Hjónin Jóhann Ásgeirsson og Ágústína Jónsdóttir og sonur þeirra Jón Einar sýndu gestum umhverfi og húsakynni en mikil vinna hefur verið lögð í endurbyggingu mannvirkja og meðal annars sjávarhúss sem staðsett er við bryggjuna þar sem vinnsla á grásleppuhrognum fer fram. Bærjarstæðið er upp af Bærjavogi sem gengur sunnan í miðja aðal eynna. Að því loknu var boðið upp á morgunkaffi og með því að gömlum góðum sið. Frá Akureyjum var haldið áfram vestur með Eyrarplássi, þvert fyrir mynni Grundarfjarðar að Krossnesi og inn á Sandvík. Hádegisverður var framreiddur um borð og var sjávarfang úr Breiðafirði meðal annars á boðstólnum. Síðan var haldið inn Grundarfjörð að vestanverðu inn með Kvábryggju inn í höfn í Grundafirði þar sem farið var í land í skoðunarferðir. Fyrst var farið í heimsókn til Sægarps ehf., sem sérhæfir sig í að veiða og verka beitukóng. Ásgeir Valdimarsson framkvæmdarstjóri Sægarps ehf. sagði frá starfsemi fyrirtækisins og fengu gestir að smakka á beitukóngnum sem flestum þótti afbragðs góður. Síðan var farið í Sögumiðstöðina þar sem Ingi Hans Jónsson forstöðumaður og Sigurborg Kr. Hannesdóttir forseti bærjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar sýndu gestum sögusafnið og sögðu frá lifnaðarháttum Íslendinga áður fyrr.

Að því loknu var farið á stefnumót við Kára Pétur Ólafsson framkvæmdastjóra Reykofnsins sem sagði frá starfsemi fyrirtækisins. Ekki var hægt að skoða aðstöðu þar sem engin vinnsla var í gangi og verið að mála húsnæðið.

Næst var haldið frá Grundarfjarðarhöfn og sight að Melrakkaey og ferjað þar í land. Þar tók séra Aðalsteinn Þorvaldsson á móti hópnum og sagði stuttlega frá umhverfi Melrakkaeyjar. Að lokum var sight aftur til Stykkishólms. Komið var að Melrakkaey vestan Stykkishólms og sögð saga eyjarinnar og Höfnarsgarðsins sem er rétt ofan við lendinguna.

Gestir í ferðinni voru Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og starfandi menntamálaráðherra, Hafdís Gísladóttir aðstoðarmaður ráðherra, makar ferðalanga o.fl.

Komið var í land í Stykkishólmi um kl. 18:30. Skipstjóri og fararstjóri í ferðinni var Pétur Ágústsson.

Breiðafjarðarnefnd þakkar öllum þeim sem tóku á móti nefndinni og gestum hennar kærlega fyrir höfðinglegar móttökur.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð, skýrsluna „Örnefni í sjó á Breiðafirði“, stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðar.

Gert var áatak að koma eldri fundargerðum Breiðafjarðarnefndar á heimasíðuna og er sú vinna langt komin.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

Önnur mál

Öll önnur mál sem Breiðafjarðarnefnd fjallaði um á árinu og afgreiddi er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

Viðaukar

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni þrír viðaukar.

Viðauki – I: Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 11-26.

Viðauki – II: Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 27-30.

Viðauki – III: Skýrslur og bæklingar, bls. 31.

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2011 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í júní 2012

f.h. Breiðafjarðarnefndar

Guðríður Þorvarðardóttir

formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2010

117. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. janúar 2011 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Magnús A. Sigurðsson. Þorleifur Eiríksson forfallaðist.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 116. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2011

Gerð voru drög að fjárhagsáætlun 2011.

Samantekt starfshóps um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

Umhverfisráðuneytið óskar eftir athugasemdum Breiðafjarðarnefndar um samantekt starfshóps um vernd Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að sá frestur sem veittur er til umsagnar sé allt of skammur. Nefndin telur að til þess að sveitarstjórnir geti fjallað um samantektina með málefnanlegum hætti, verði að gefa þeim það svigrúm til umsagnar sem stjórnsýsla sveitarfélaganna krefst. Þá vilja fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni fá tækifæri til að ræða við sveitastjórnirnar áður en nefndin skilar sínu áliði.

Verndaráætlun

Nefndin ætlað að halda áfram við vinnu á verndaráætlun Breiðafjarðar á árinu 2011. Þann 11. febrúar munu formaður, varaformaður ásamt Þórólfi Halldórssyni, Magnúsi A. Sigurðssyni og Trausta Baldurssyni hittast hjá Náttúrufræðistofnun á vinnufundi.

Önnur mál

Afmælisrit Jónínu Hafsteinsdóttur

Jónína Hafsteinsdóttir, starfsmaður á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og áður á Örnefnastofnun Íslands, verður sjötug 29. mars næstkomandi. Í tilefni þess ætlað Árnastofnun að gefa út afmælisrit henni til heiðurs.

Breiðafjarðarnefnd mun heiðra Jónínu með því að gerast áskrifandi að ritinu.

Fundi var slitið kl. 14:10.

Næsti fundur verður haldinn þann 24. febrúar 2011 í Stykkishólmi.

118. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. mars 2011 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 117. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði

Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn um tillögu að matsáætlun.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Starfsleyfistillaga til kræklingaræktar vegna Íslenskrar bláskeljar

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sendir Breiðafjarðarnefnd til umsagnar starfsleyfistillögu vegna fyrirhugaðrar starfsemi *Íslenskrar bláskeljar* (kræklingarækt) á fjórum stöðum í Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna enda er hún sambærileg öðrum starfsleyfum sem fyrirtæki í sömu atvinnugrein starfa eftir. Hins vegar vill nefndin benda á nauðsyn þess að tekin verði upp sú starfsregla að tekin verði sýni úr nærliggjandi fjörum, áður en ný svæði eru tekin til notkunar, til að lýsa fjörum í því ástandi sem þær eru svo hægt verði að meta með óyggjandi hætti ástand og áhrif kræklingaeldis á nærumhverfið. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt á þeim svæðum sem eru þétt setin, sbr. svæðið sem liggur meðfram Efri- og fremri-Langey, norður af Grímsey og vestur af Dagverðarnesi.

Styrkbeiðni Sverris Jakobssonar vegna skráningu á sögu Breiðafjarðar

Framhald af fyrri vinnu Sverris við ritun á sögu Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Nefndin sér sér ekki fært að þessu sinni að verða við styrkbeiðninni.

Samantekt starfshóps um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

Umhverfisráðuneytið óskar eftir athugasemduum Breiðafjarðarnefndar um samantekt starfshóps um vernd Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Nefndin lýsir yfir óánægju sinni á tillögu starfshópsins á skipan Breiðafjarðarnefndar.

Breiðafjarðarnefnd telur nauðsynlegt að lög um verndun Breiðafjarðar verði endurskoðuð og tilheyrandi reglugerðir verði samdar. Nefndin telur að framhald málsins þurfi að vera með beinni aðkomu sveitarfélaganna. Til þess að verndun Breiðafjarðar nái markmiðum sínum þarf að vinna stjórnunaráætlanir í samráði og sátt við íbúa og hagsmunaaðila. Nauðsynlegt er að ræða sameiginlega um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar, ekki eingöngu út frá breytingu á lögum um vernd Breiðafjarðar heldur í mun stærra samhengi.

Verndaráætlun

Vinnuhópur um að gerð verndaráætlunar hittist í Garðabæ í febrúar síðastliðinn og átti góðan vinnudag. Gurrý fór yfir það sem áunnist hefur og það sem eftir er að vinna enn. Áætlað er að vinnuhópurinn hittist aftur bráðlega og haldi áfram störfum.

Örnefnaskráning í Dalabyggð

Þorleifur sagði frá minnisblaði vegna örnefnaskráningar í Dalabyggð sem Hulda Birna Albertsdóttir hjá Náttúrustofu Vestfjarða gerði.

Sigurður lagði fram skriflegar athugasemdir og leiðbeiningar við drög að örnefnaskráningu í Dalabyggð sem hann afhenti Þorleifi hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Ákveðið var að kortleggja gömlu boðleiðirnar milli bæja í hreppum.

Trossan – Verkefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar

Lagt var fram til kynningar bréf frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Stofnunin vinnur að verkefni sem kallast Fishernet sem er Evrópuverkefni. Unnið er að skráningu á flestu því sem lýtur að strand- og fiskveiðimenningu.

Fyrir áhugasama má finna gagnasafnið á slóðinni www.fishernet.is

Önnur mál

Kynnt var bréf frá Mennta- og Menningarmálaráðuneytinu

Tilkynning til heimsminjaskrifstofu UNESCO um nýja yfirlitsskrá Íslands. Meðal svæða sem hugsanlega verða tilnefnd á heimsminjaskrá UNESCO á næstu árum er Breiðafjörður.

Fundi var slitið kl. 15:00.

Næsti fundur verður haldinn þann 14. apríl 2011.

119. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. apríl 2011 í Ólafsvík

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsen, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson. Guðríður Þorvarðardóttir var formaður forfallaðist.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 11:00.

Fundargerð 118. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps

Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagðar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar

Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagðar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Starfsskýrsla nefndarinnar 2010

Lögð voru fram drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar vegna ársins 2010.

Nefndarmenn munu fara yfir skýrsluna og koma með athugasemdir fyrir næsta fund.

Bygging húss í Kiðey í Stykkishólmslandi

Beiðni skipulags- byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar um umsögn vegna byggingu húss í Kiðey.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd getur ekki byggt umsögn á fyrirliggjandi gögnum en bendir á þær vinnureglur sem nefndin hefur til viðmiðunar við gerð umsagna um húsbyggingar á eyjum í Breiðafirði sem er að finna á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Prentun á Breiðafjarðarbæklingum

Skoðað var tilboð frá Guðjóni Ó í prentun á bæklingunum, „*Breiðafjörður – náttúra og saga*“ og „*Fuglalíf – á Breiðafirði*“. Ákveðið var að athuga með samstarfsaðila sem er til í að taka að sér útgáfuna.

Önnur mál

Bréf frá Skipulagsstofnun vegna Vestfjarðavegar var lagt fram til kynningar.

Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands vegna starfsleyfis Íslenskrar bláskeljar var lagt fram til kynningar.

Þorleifur óskaði eftir því að allar fundargerðir Breiðafjarðarnefndar frá upphafi yrðu gerðar aðgengilegar á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar. Ritari mun hafa uppi á öllum fundargerðum nefndarinnar til að byrja með.

Þórólfur sagði frá tillögu alþingismannanna Marðar Árnasonar og Róberts Marshall um þjóðgarð í Reykhólasveit.

Hádegisverður var snæddur á Hótelri Hellissandi með Skúla Alexanderssyni sem fór með nefndarmönnum um Hellissand og sýndi lendingar og uppsátur í Keflavík og Brekknalendingu. Einnig var farið í sjóminjasafnið. Því næst var farið í sjávarrannsóknarsetrið Vör í Ólafsvík þar sem Erla Björk Örnólfssdóttir forstöðumaður fræddi nefndarmenn um starfsemina.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Næsti fundur verður haldinn þann 19. maí 2011.

120. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. maí 2011 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 119. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi, 439. mál

Afgreiðsla:

Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi var afgreidd á milli funda hjá Breiðafjarðarnefnd og send til nefndarsviðs Alþingis. Málið var til umræðu á fundinum.

Breiðafjarðarnefnd mælir með því að frumvarp þetta verði að lögum með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 2. gr. frumvarpsins. Telur nefndin þessa niðurstöðu vera í samræmi við fyrri aðkomu nefndarinnar að málinu. Umsögn Breiðafjarðarnefndar þá eins og nú miðast við þá hluta framkvæmdarinnar sem falla undir starfssvið nefndarinnar.

Beiðni um umsögn vegna byggingaframkvæmda í Efri-Langey

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna bátaskýlis og æðardúnsverkun í Efri-Langey. Fyrir lágu teikningar að húsbyggingu, umfjöllun um staðsetningu og myndir af staðháttum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða byggingu bátaskýlis og æðardúnsverkun í Efri-Langey.

Breytingar á texta starfsskýrslu 2010

Farið var yfir starfsskýrslu 2010 og nokkrar breytingar gerðar á texta.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Farið var yfir tillögu Péturs frá Sæferðum, að vettvangsferð um Breiðafjörð. Breiðafjarðarnefnd áætlað að fara í ferðina þann 7. júlí nk. m.t.t. flóðatöflu.

Athugað verður hvort umhverfisráðherra sjái sér fært að koma með í ferðina.

Prentun á Breiðafjarðarbæklingum

Leitað var eftir hugsanlegum samstarfsaðilum um prentun á bæklingum Breiðafjarðarnefndar. Málið er í skoðun hjá þeim aðilum sem samband var haft við.

Önnur mál

Ritari upplýsti að hann hafi safnað saman öllum fundargerðum Breiðafjarðarnefndar frá upphafi. Ákveðið var að gera allar fundargerðirnar aðgengilegar á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Lagt var fram til kynningar bréf Stykkishólmsbæjar sem segir að bæjarráð Stykkishólmsbæjar samþykkti skilti Breiðafjarðarnefndar á hafnarsvæði að uppfylltum skilyrðum.

Lagt var fram til kynningar bréf Grundarfjarðarbæjar sem segir að bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar taki undir afgreiðslu Breiðafjarðarnefndar á samantekt starfshóps um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Nefndin telur brýnt að hafa yfirlit yfir kræklingaeldi á Breiðafirði. Unnið verður að því að taka saman yfirlit yfir eldisstaði á svæðinu.

Fundi var slitið kl. 14:00.

Næsti fundur verður haldinn þann 7. júlí 2011.

121. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. ágúst 2011 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson og Halla Steinólfssdóttir varamaður Sigurðar. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Sigurður Þórólfsson og Þorleifur Eiríksson forfölluðust.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar um Breiðafjörð 7. júlí 2011.

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Pálmi Freyr Sigurgeirsson ritari. Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson komust ekki með í ferðina.

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð frá Stykkishólmshöfn kl. 09.00. Farið var með Brimrúnu frá Sæferðum. Þegar komið var út úr höfninni var farið vestur með landinu og inn Ögursvog og síðan áfram vestur með Jónsnesi og að Kumbaravogi við Bjarnarhöfn. Eftir að hafa skoðað það svæði frá sjó var haldið áfram vestur að Akureyjum þar sem ábúendur ferjuðu hópinn í land. Hjónin Jóhann Ásgeirsson og Ágústína Jónsdóttir og sonur þeirra Jón Einar sýndu gestum umhverfi og húsakynni en mikil vinna hefur verið lögð í endurbyggingu mannvirkja og meðal annars sjávarhúss sem staðsett er við bryggjuna þar sem vinnsla á grásleppuhrognum fer fram. Bæjarstæðið er upp af Bæjarvogi sem gengur sunnan í miðja aðal eynna. Að því loknu var boðið upp á morgunkaffi og með því að gömlum góðum sið. Frá Akureyjum var haldið áfram vestur með Eyrarplássi, þvert fyrir mynni Grundarfjarðar að Krossnesi og inn á Sandvík. Hádegisverður var framreiddur um borð og var sjávarfang úr Breiðafirði meðal annars á boðstólnum. Síðan var haldið inn Grundarfjörð að vestanverðu inn með Kvíabryggju inn í höfn í Grundafirði þar sem farið var í land í skoðunarferðir. Fyrst var farið í heimsókn til Sægarps ehf., sem sérhæfir sig í að veiða og verka beitukóng. Ásgeir Valdimarsson framkvæmdarstjóri Sægarps ehf. sagði frá starfsemi fyrirtækisins og fengu gestir að smakka á beitukóngnum sem flestum þótti afbragðs góður. Síðan var farið í Sögumiðstöðina þar sem Ingi Hans Jónsson forstöðumaður og Sigurborg Kr. Hannesdóttir forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar sýndu gestum sögusafnið og sögðu frá lifnaðarháttum Íslendinga áður fyrr.

Að því loknu var farið á stefnumót við Kára Pétur Ólafsson framkvæmdastjóra Reykofnsins sem sagði frá starfsemi fyrirtækisins. Ekki var hægt að skoða aðstöðu þar sem engin vinnsla var í

gangi og verið að mála húsnæðið.

Næst var haldið frá Grundarfjarðarhöfn og sight að Melrakkaey og ferjað þar í land. Þar tók séra Aðalsteinn Þorvaldsson á móti hópnum og sagði stuttlega frá umhverfi Melrakkaeyjar. Að lokum var sight aftur til Stykkishólms. Komið var að Melrakkaey vestan Stykkishólms og sögð saga eyjarinnar og Höfnersgarðsins sem er rétt ofan við lendinguna.

Gestir í ferðinni voru Svandís Svarasdóttir umhverfisráðherra og starfandi menntamálaráðherra, Hafdís Gísladóttir aðstoðarmaður ráðherra, makar ferðalanga o.fl.

Komið var í land í Stykkishólmi um kl. 18:30. Skipstjóri og fararstjóri í ferðinni var Pétur Ágústsson.

Breiðafjarðarnefnd vill þakka öllum þeim sem tóku á móti nefndinni og gestum hennar kærlega fyrir höfðinglegar móttökur.

Fundargerð 120. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og deiliskipulag fyrir Vestfjarðaveg
Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðaveg.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn.

Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 og deiliskipulag fyrir Vestfjarðaveg
Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðaveg.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn.

Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um mat á umhverfisáhrifum vegagerðar á

Vestfjarðavegi (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði í sveitarfélögunum Reykhólahreppi og Vesturbyggð.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd leggst ekki gegn þeirri veglinu sem Vegagerðin leggur til miðað við fyrirliggjandi gögn. Nefndin telur að neikvæðum umhverfisáhrifum sé haldið í því lágmarki sem unnt er miðað við þá þróngu kosti sem landsvæðið býður upp á til vegagerðar. Nefndin telur að þau áform um mótvægisgerðir og vöktun sem fram koma í frummatsskýrslunni séu ásættanleg.

Önnur mál

Annað upplag af Breiðafjarðarbæklingunum hefur verið prentað og fer í dreifingu fljótlega. Prentað var 5.000 stk bæði á íslensku og ensku af „Fuglalíf“ og 5.000 stk af „Náttúra og saga“ á íslensku.

Farið var yfir fjárhagsstöðu og fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar.

Fundi var slitið kl. 13:45

Næsti fundur er áætlaður þann 15. september 2011.

122. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. nóvember 2011 í Stykkishólmí

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.
Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður forfallaðist.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 121. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Ástand friðlýstra svæða á Breiðafirði

Umhverfisstofnun vinnur nú að gerð ástandsskýrslu fyrir friðlýst svæði. Þessi skýrsla er unnin árlega samkvæmt lögum um náttúruvernd og send til umhverfisráðherra. Skýrslan fjallar um ástand og framkvæmdir á friðlýstum svæðum á Íslandi.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd lagði fram nokkrar ábendingar en telur útilokað að meta ástand svæðanna án þess að gengið sé á vettvang. Nefndin leggur til að Umhverfisstofnun feli Náttúrustofu Vestfjarða að vinna ástandsskýrslur um friðlýstu svæðin í Reykhólahreppi, Flatey og Hrísey og Náttúrustofu Vesturlands að vinna ástandsskýrslu um friðlýsta svæðið Melrakkaey í Grundarfjarðarbæ.

Tillaga að deiliskipulagi við Tröllenda í Flatey

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu á deiliskipulagi við Tröllenda í Flatey. Um er að ræða nýtt deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir 6 lóðum, þar af eru tvær byggðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi við Tröllenda í Flatey.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Farið var yfir fjárhagsstöðu nefndarinnar sem er innan ramma fjárheimildar ársins 2011.

Verndaráætlun

Vinnuhópurinn sem skipaður er af Guðríði, Þórólfi og Trausta hefur hist á þremur fundum á haustdögum. Áætlað er að einn til tveir fundir séu eftir til að ljúka yfirferð á drögum að verndaráætlun.

Önnur mál

Vakin var athygli á útgáfu Hvítbókar um endurskoðun náttúruverndarlöggjafar. Hægt er að sjá Hvítbókina á vefsíðu

Umhverfisráðuneytisins: <http://www.umhverfisraduneyti.is/umhverfisthing2011/hvitbok/>

Fundi var slitið kl. 14:00

Næsti fundur er áætlaður þann 7. desember 2011.

123. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. desember 2011 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Þórólfur Halldórsson boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 11:00.

Fundargerð 122. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Skipulag fyrir stígakerfi í Flatey

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar á skipulagi fyrir stígakerfi í Flatey.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar fyrirhugaðri framkvæmd en vill minna á mikilvægi þess að fornleifaskráning fari fram á framkvæmdasvæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Nefndin bendir einnig á skort á upplýsingum hvað varðar þörf miðað við áætlaðan fjölda ferðamanna. Nauðsynlegt er að hafa í huga að fara ekki í meiri framkvæmdir en þörf er á svo sem breidd á göngustígum.

Nefndin veltir fyrir sér við hvaða staðla framkvæmdin sé miðuð hvað varðar breidd göngustíga. Samkvæmt upplýsingum frá Sæferðum hafa þeir flutt 18-21 þúsund manns í Flatey á ári. Mestur fjöldi ferðamanna er í júlí eða allt að 9 þús manns.

Önnur mál

Í framhaldi af umræðu um göngustígagerð í Flatey ræddi nefndin mikilvægi þess að gerð væri úttekt um þolmörk Flateyjar hvað varðar fjölda ferðamanna og verndun gróðurs og dýralífs.

Þorleifur afhenti nefndarmönnum greinargerð um örnefnaskráningu Náttúrustofu Vestfjarða í Dalabyggð og sagði stuttlega frá framvindu verkefnisins. Gengið verður frá áframhaldandi samningi varðandi verkefnið. Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir ánægju sinni með vinnu við örnefnaskráninguna og hlakkar til að sjá afrakstur þessarar vinnu á næsta ári.

Ásgeir Gunnar sagði frá hugmynd sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps um að koma á fót jarðvangi (Geopark) á Snæfellsnesi sem tæki til jarðfræðilegra og menningarlegra minja. Jarðvangurinn á að ná frá Ljósufjöllum og vestur til Snæfellsjökuls.

Kolbrún formaður nefndarinnar er að hækta störfum vegna persónulegra ástæðna.

Hún kvaddi fundarmenn og þakkaði fyrir ánægjulegan tíma með nefndinni en þetta var hennar síðasti fundur. Nefndarmenn þökkuðu Kolbrúnu fyrir hennar störf og því góða samstarfi sem nefndin hefur átt með henni. Nefndarmenn óska Kolbrúnu velfarnaðar í framtíðinni.

Fundi var slitið kl. 14:00

Næsti fundur er áætlaður í janúar 2012.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2011

Innsend erindi 2011

25. janúar 2011. Sverrir Jakobsson.

Efni: Varðandi styrk árið 2011

4. mars 2011. Sigurbjörg Árnadóttir.

Efni: Trossan – Evrópuverkefni með áherslu á strand- og fiskveiðimenningu.

7. mars 2011. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Efni: Starfsleyfistillaga HeV vegna fyrirhugaðrar starfsemi Íslenskrar bláskeljar(kræklingaráækt)

23. mars 2011. Vegagerðin.

Efni: Vestfjarðavegur milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði – ákvörðun u tillögu að matsáætlun.

23. mars 2011. Landmótun.

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Vesturbýggðar 2006-2018

23. mars 2011. Landmótun.

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018

31. mars 2011. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Starfsleyfi til kræklingaráæktunar fyrir Íslenska bláskel.

13. apríl 2011. Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi Stykkishólmsbæjar.

Efni: Bygging húss í Kiðey.

14. apríl 2011. Samgöngunefnd Alþingins.

Efni: Frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi, 439. mál til umsagnar.

19. apríl 2011. Stykkishólmsbær.

Efni: Skilti á hafnarsvæði.

5. maí 2011. Helgi Þór Axelsson

Efni: Umsókn um leyfi til nýbyggingar á dúnverkunar- og bátaskýli í Efri-Langey.

12. maí 2011. Skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Umsögn vegna byggingarframkvæmda í Efri-Langey.

16. maí 2011. Grundarfjarðarbær.

Efni: 118. fundur Breiðafjarðarnefndar, 10.03.2011.

5. júlí 2011. Umhverfisstofnun.

Efni: Beiðni um leyfi til ferðar í Melrakkaey.

13. júlí 2011. Landmótun.

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

13. júlí 2011. Landmótun.

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Vesturbýggðar 2006-2018.

21. júlí 2011. Skipulagsstofnun

Efni: Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði

12. október 2011. Umhverfisstofnun.

Efni: Ástand friðlýstra svæða; Melrakkaey, Flatey, Hrísey.

25. október 2011. Skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Tröllendi í Flatey.

23. nóvember 2011. Skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Stígakerfi í Flatey.

7. desember 2011. Skipulagsstofnun.

Efni: Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði – álit Skipulagsstofnunar.

Útsend erindi 2011

24.janúar 2011. Umhverfisráðuneytið.

Efni: Samantekt starfshóps um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

10. mars 2011. Skipulagsstofnun.

Efni: Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði – tillaga að matsáætlun.

10. mars 2011. Umhverfisráðuneytið.

Efni: Samantekt starfshóps um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

15. mars 2011. Umhverfisráðuneytið.

Efni: Umsókn um þóknun vegna nefndarsetu 2010.

17. mars 2011. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Efni: Starfsleyfistillaga Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna fyrirhugaðrar kræklingaræktar Íslenskrar bláskeljar.

17. mars 2011. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Efni: Trossan – Evrópuverkefni með áherslu á strand- og fiskveiðimenningu.

17. mars 2011. Sverrir Jakobsson

Efni: Styrkbeiðni vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar.

29. apríl 2011. Skipulags- og byggingarfulltrúi Stykkishólmsbæjar.

Efni: Sótt er um leyfi til að reisa skýli í Kiðey.

15. maí 2011. Nefndasvið Alþingins.

Efni: Frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi, 439. mál.

27. maí 2011. Skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Umsögn vegna byggingarframkvæmda í Efri-Langey.

17. ágúst 2011. Landmótun, Skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu, Sveitarstjóri Reykhólahrepps.

Efni: Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps og deiliskipulag fyrir Vestfjarðaveg.

17. ágúst 2011. Landmótun, Byggingarfulltrúi Vesturbýggðar.

Efni: Breyting á aðalskipulagi Vesturbýggðar og deiliskipulag fyrir Vestfjarðaveg.

17. ágúst 2011. Skipulagsstofnun.

Efni: Vegagerð á Vestfjarðavegi (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði.

3. nóvember 2011. Umhverfisstofnun.

Efni: Ástand friðlýstra svæða; Melrakkaey, Flatey og Hrísey.

3. nóvember 2011. Skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Umsögn vegna tillögu á deiliskipualagi við Tröllenda í Flatey.

8. desember 2011. Skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Umsögn vegna skipulags fyrir stígakerfi í Flatey.

Skýrslur og bæklingar

Breiðafjarðarnefnd eða einstakir nefndarmenn hafa gefið út eða óskað eftir að eftirfarandi skýrslur og bæklingar verði unnar vegna verndar Breiðafjarðar:

1995. Ævar Petersen og Guðmundur A. Guðmundsson. Breiðafjörður West Iceland A Marine Conservation Area, WWF Arctic Bulletin, 3, 20 bls.

1998. Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir, J. Pagnan & Sigmundur Einarsson

1998. Breiðafjörður: West-Iceland. An Arctic marine protected area. Parks 8(2): 23-28.

1999. Guðríður Þorvarðardóttir. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004. Breiðafjarðarnefnd, 92 bls.

2004. Benedikt Eyþórsson tók saman. Útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2004. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2005. Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2006. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Fuglalíf á Breiðafirði”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2007. Guðrún Gísladóttir og Hjördís Linda Jónsdóttir. Örnefni í sjó á Breiðafirði. Raunví sindastofnun Háskóla Íslands og Breiðafjarðarnefnd, 25 bls.

2007. Ritstj. Róbert Arnar Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 12. – 13. september 2007. Breiðafjarðarnefnd, 22 bls.

2009. Ritstj. Magnús A. Sigurðsson, Ragnar Edvardsson og Svavar Sigmundsson. Menningarmínjar á Breiðafirði – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 17. – 18. apríl 2009. Breiðafjarðarnefnd, 17 bls.

Ofangreindar skýrslur og bæklinga er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar á slóðinni <http://breidafjordur.is/Utgafa/index.htm>